

Úthlutunarreglur fyrir Höfundasjóð Myndstefs

Höfundasjóður Myndstefs¹ **úthlutar** árlega höfundaréttargreiðslum til réttihafa, að undangengnu umsóknarferli. Annars vegar er úthlutað til verkefna og hins vegar eru veittir styrkir til ferða, menntunar og vinnustofu dvalar. Úthlutun til verkefna byggir aðallega á réttindamagni. Styrkir eru veittir á grundvelli umsóknar.

1. Úthlutunarnefnd er skipuð þrem aðilum - einum frá hverri stoð Myndstefs; Hönnun og Arkitektúr (MHA), Ljósmyndun (LMÍ) og Myndlist (SÍM). Stjórnir stoðanna tilnefna fulltrúa (og varamann) sem starfar í tvö ár af þremur í nefndinni. Þriðji aðillinn ár hvert kemur úr stjórn Myndstefs og er hann frá þeirri stoð sem ekki á tilnefndan fulltrúa það árið. Hann er formaður nefndarinnar og sér um undirbúning og boðun funda. Varðandi vanhæfi nefndarfólks er farið að lögum.²
2. Umsókn skal vera í nafni tiltekins höfundar eða erfingja réttihafa. Aðeins er úthlutað til einstaklinga. Tekið er við rafrænum umsóknum. Ekki er tekið við fleiri en tveimur umsóknum á hvern höfund. Umsóknir um verkefni (t.d. bók eða sýningu) sem langt er komið eða lokið á síðustu 12 mánuðum njóta forgangs. Verkefni skal lokið innan þriggja ára.
3. Úthlutunarnefnd starfar sjálfstætt og óháð skrifstofu Myndstefs og eru gögn og störf hennar trúnaðarmál. Óheimilt er að hafa samband vegna umsóknar við þau sem sitja í úthlutunarnefnd. Brot gegn því getur leitt til þess að umsókn verði vísað frá.
4. Úthlutunarnefnd skal leitast við að úthluta með sanngjörnum hætti og m.t.t. jafnræðissjónarmiða. Nefndin skal fara ítarlega yfir umsóknir og leggja faglegt mat á starfsferil og verkefni. Einnig skal tekið tillit til að úthlutað sé með sanngjörnum hætti til hvers fags eða greinar innan Myndstefs, m.a. m.t.t. flokka réttindagreiðslna eða samningskvaðasamninga.
5. Við úthlutun til verkefna skal faglegt mat á starfsferli og verkefnum miða við að starfsferill gildi 70% en mat á verkefni 30%. Ekki er tekið við umsóknum frá þeim sem hlotið hafa framlag árið áður.
6. Styrkjum til ferða-, menntunar- og vinnustofudvala er aðeins úthlutað til félagsfólks Myndstefs. Við úthlutun styrkja er lagt mat á umsóknir svosem á grundvelli mikilvægis þess sem sótt er um.
7. Formaður úthlutunarnefndar kynnir niðurstöður fyrir stjórn Myndstefs. Niðurstöður eru tilkynntar umsækjendum í tölvupósti og birtar á heimasíðu Myndstefs eigi síðar en 20. sept. ár hvert. Niðurstöður eru endanlegar og ekki er hægt að kæra þær.³
8. Þau sem hljóta framlag úr sjóðnum ber að afhenda skilagrein til skrifstofu Myndstefs innan tveggja ára. Hafi umsækjandi sem hlotið hefur fé úr sjóðnum ekki afhent skilagrein telst ný umsókn ógild. Sé verkefni ekki lokið innan þriggja ára áskilur Myndstef sér rétt til að fara fram á endurgreiðslu.

¹ Réttindatekjur í Höfundasjóði stafa að miklu leyti frá Fjölís, IHM og safnasamningum.

Sjá nánar um réttindatekjur sem renna í Höfundasjóð í gagnsæisskýrslu Myndstefs:

<https://myndstef.is/wp-content/uploads/2025/06/gagnsaeisskyrsla-2024.pdf>

² Hvað varðar vanhæfi eru ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 lögð til grundvallar.

³ Bent er á að skv. 3 tölul. 2. mgr. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er ekki skylda að veita rökstuðning þegar um er að ræða úthlutunir á sviði lista, menningar eða vísinda.